



Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1.3.2024 – 31.8.2024



Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og forstjóra	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Samandreginn rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu samstæðu	5
Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu	6
Samandregið sjóðstreymi samstæðu	7
Samandregið eiginfjárfirlit samstæðu	8
Skýringar með samandregnum árshlutareikningi samstæðu	9

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Kennitala 420369-7789

Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi samstæðunnar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (Ölgerðin) er íslenskt hlutfélag og starfar í samræmi við lög um hlutfélög nr. 2/1995. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjavörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur félagsins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísi. Árs hlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árs hlutareikning Ölgerðarinnar Egill Skallagrímssonar hf. og dótturfélaganna Danól ehf., G7-11 fasteignafélags ehf., Iceland Spring ehf. og Collab ehf., auk Pure Distribution US LLC (dótturfélag Iceland Spring ehf.) og Collab DK ApS (dótturfélag Collab ehf.)

Samstæðan skiptist í fjóra starfshætti; Egils óáfengt, Egils áfengt, Danól og Útflutning. Árs hlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum samstæðunnar.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Rekstur Ölgerðarinnar á fyrstu sex mánuðum fjárhagsársins var góður, sérstaklega í ljósi ytri aðstæðna. Vörusala stóð nokkurn veginn í stað miðað við sama tímabil í fyrra eftir langt tímabil mikils vaxtar. Sala til veitingahúsa, hótela og skyndibitastaða dróst saman um 6% mælt í lítrum af drykkjavöru en sala til stórmarkaða og fyrirtækja var nokkurn veginn óbreytt milli ára. Það gefur góða mynd af þeirri breyttu stöðu sem er nú í efnahagslífinu hvort sem er vegna neyslu erlendra ferðamanna eða minni neyslu Íslendinga. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 2.711 millj. kr. og lækkaði um 379 millj. kr. milli ára. Hærri launakostnaður ásamt aukningu í sölu- og markaðskostnaði milli ára skýra lækkun EBITDA. Hagnaður tímabilsins var 1.411 millj. kr. og lækkaði um 742 millj. kr. Að teknu tilliti til einskis tekna í fyrra vegna hlutdeildarféлага lækkaði hagnaður um 356 millj. kr. eða 20%.

Hrein vaxtagjöld lækkuðu um 76 millj. kr. milli ára. Lægri skuldsetning miðað við sama tímabil í fyrra og góð kjör á víxlaútgáfu Ölgerðarinnar skýra lækkunina. Gengismunur var neikvæður að fjárhæð 46 millj. kr. á tímabilinu samanborið við 91 millj. kr. hagnað á sama tímabili í fyrra. Eignir samstæðu Ölgerðarinnar voru 31,9 ma. kr. og eigið fé 15,3 ma. kr. og hækkaði um 250 millj. kr. frá upphafi fjárhagsársins. Á tímabilinu voru gefnir út 30.750.000 nýir hlutir í félaginu fyrir 184 millj. kr. til að mæta nýtingu kaupréttá. Á tímabilinu var greiddur arður til hluthafa samkvæmt samþykkt aðalfundar að fjárhæð 1.419 millj. kr.

Hreinar vaxtaberandi skuldir, að viðbætti húsaleiguskuldbindingu, námu 7.543 millj. kr. í lok tímabilsins og hækkuðu um 1.788 millj. kr. frá upphafi fjárhagsársins. Tvennt skýrir þessa hækkun að stærstum hluta, annars vegar 1,4 ma. kr. arðgreiðsla í júní og hins vegar sú staðreynd að síðasti dagur tímabilsins bar upp á laugardag og því voru háar viðskiptakröfur sem áttu að greiðast síðasta dag ágúst mánaðar í raun greiddar í byrjun september. Á sama hátt voru laun greidd út fyrir mánaðarmótin sem venjulega eru greidd út í næsta mánuði á eftir. Áhrifin af þessu eru yfir 1 ma. kr. sem þarf að hafa í huga þegar handbært fé, skuldastaða og staða viðskiptakrafna í árs hlutareikningnum eru skoðaðar.

Rekstur dótturfélagsins Iceland Spring gekk áfram vel. EBITDA tímabilsins nam 231 millj. kr. og hækkaði um 62 millj. kr. milli ára.

Undirbúningsvinna við útflutning á dryknum Collab hélt áfram á tímabilinu. Ákveðið hefur verið að setja allan fókus á tvo markaði – Danmörku og norðurhluta Þýskalands. Þessi ákvörðun er tekin á grundvelli markaðsrannsóknna sem félagið hefur látið gera og góðs árangurs á danska markaðinum.

Á tímabilinu var gerð skipulagsbreyting í Ölgerðinni. Starf aðstoðarforstjóra var lagt niður og verkefni, þ.m.t. útflutningsmál, falin öðrum stjórnendum félagsins ásamt því að Erna Hrund Hermannsdóttir og Volker Niemann gengu til liðs við útflutningsteymið. Í tengslum við starflok aðstoðarforstjóra virkjuðust áunnir kaupréttasamningar hans við félagið. Nýtingarmöguleiki þeirra verður að loknum uppsagnarfresti síðar á fjárhagsárinu.

Í september 2024 skrifaði Ölgerðin undir viljayfirlýsingu við Reykjavíkurborg um að reisa vöru- og dreifingarmiðstöð á Hólmsheiði, auk þess að reisa vatnsátöppunarverksmiðju fyrir Iceland Spring. Nýja vöruhúsið og dreifingarmiðstöðin mun auka mjög skilvirkni í rekstri fyrirtækisins, enda hefur vöxtur fyrirtækisins um nokkurt skeið kallað á frekari uppbyggingu hvað þetta varðar. Þetta skapar einnig möguleika til stækkunar á framleiðsluhluta starfseminnar inn í núverandi lagerhúsnæði.

G7-11 fasteignafélag ehf, dótturfélag Ölgerðarinnar, hefur gert tilboð í allt hlutafé Á.Ó. eignarhaldsfélags ehf. Tilboðinu hefur verið tekið af hálfu eigenda félagsins, Sjóvarpsmiðstöðvarinnar ehf. Niðurstaða áreiðanleikakönnunar liggur fyrir og unnið er að gerð kaupsamnings. Félagið á vöruhús með skrifstofuaðstöðu að Köllunarklettsvegi 6 og byggingarétt að annarri eins byggingu. Kaupverð félagsins samkvæmt samþykktu kauptilboði er 1,6 ma. kr. að frádregnum vaxtaberandi skuldum og er markmiðið með kaupunum að bæta þjónustu samstæðunnar til viðskiptavina á sviði stóreldhúsa með því að sjá sjálf um hýsingu og tínslu á þeim vörum í stað útvistunar til þriðja aðila. Þessi breyting á þjónustustigi stóreldhúsa hefur ekki áhrif á framtíðaráform Ölgerðarinnar um uppbyggingu á Hólmsheiði.

Ölgerðin heldur ótrauð áfram á sinni sjálfbærnivægferð. Nýir rafbílar hafa bæst við trukkaflotann og fjárfest var í nýjum flöskumótum og búnaði tengdum framleiðslu á plastflöskum sem sparar um 70 tonn af plasti á ári vegna minni þyngdar og þynningar.

Á tímabilinu voru meðal stöðugildi samstæðunnar 413 samanborið við 409 á sama tímabili árið áður. Hlutfall kvenna í samstæðunni var 31% en í stöðum yfirmanna og stjórnenda var hlutfall kvenna 40%. Í stjórn Ölgerðarinnar eru 60% konur og 40% karlar.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Ölgerðarinnar gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. mars 2024 – 31. ágúst 2024 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. ágúst 2024. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Reykjavík, 10. október 2024.

Stjórn:

Bogi Þór Siguroddsson, stjórnarformaður

Gerður H. Arinbjarnardóttir

Magnús Árnason

Rannveig Eir Einarsdóttir

Forstjóri:

Sigríður Elín Sigfúsdóttir

Andri Þór Guðmundsson

Könnunarritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2024. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning og yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjárfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slik könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 10. október 2024

PricewaterhouseCoopers ehf.

Magnús Vignisson

Samandreginn rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu samstæðu

Rekstrarreikningur

'000 ISK	Skýr.	1. júní til 31. ágúst		1. mars til 31. ágúst	
		2024	2023	2024	2023
Vörusala	3	12.739.101	12.796.366	23.972.447	23.835.616
Áfengis- og skilagjald		(3.368.624)	(3.413.257)	(6.216.719)	(6.222.493)
Hrein vörusala		9.370.477	9.383.109	17.755.728	17.613.123
Framleiðslukostnaður	4	(5.698.085)	(5.534.723)	(10.769.256)	(10.628.512)
Framlegð		3.672.393	3.848.386	6.986.473	6.984.611
Aðrar rekstrartekjur		11.236	11.422	18.035	23.398
Annar rekstrarkostnaður	4	(2.298.442)	(2.180.852)	(4.841.418)	(4.419.414)
Hagn. fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT)		1.385.187	1.678.957	2.163.090	2.588.596
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага		9.753	11.877	19.506	391.293
Fjármunatekjur		44.929	8.667	72.373	22.027
Fjármagnsgjöld		(241.064)	(283.953)	(473.913)	(499.687)
Gengismunur		(45.208)	69.150	(46.118)	91.474
Hagnaður fyrir skatta		1.153.597	1.484.700	1.734.938	2.593.703
Tekjuskattur		(223.858)	(294.564)	(323.659)	(440.482)
Hagnaður tímabilsins		929.739	1.190.136	1.411.279	2.153.221

Hagnaður tímabilsins skiptist á eftirfarandi hátt:

	1. júní til 31. ágúst	1. mars til 31. ágúst
	2024	2023
Hluthafar Ölgerðarinnar hf.	884.667	1.162.745
Hlutdeild minnihluta	45.072	27.390
Hagnaður tímabilsins	929.739	1.190.136
Hagnaður á hlut	0,33	0,41
Pynnur hagnaður á hlut	0,32	0,40

Yfirlit yfir heildarafkomu

'000 ISK	1. júní til 31. ágúst		1. mars til 31. ágúst	
	2024	2023	2024	2023
Hagnaður tímabilsins	929.739	1.190.135	1.411.279	2.153.221
Önnur heildarafkoma				
<i>Liðir sem síðar gætu verið flokkaðir í rekstur</i>				
Pýðingarmunur vegna dótturfélags	11.854	31.898	70.275	1.258
Heildarafkoma tímabilsins	941.592	1.222.032	1.481.553	2.154.478
Heildarafkoma tímabilsins skiptist á eftirfarandi hátt:				
Hluthafar Ölgerðarinnar hf.	888.818	1.204.570	1.362.321	2.123.045
Hlutdeild minnihluta	52.774	17.462	119.232	31.433
Heildarafkoma tímabilsins	941.592	1.222.032	1.481.553	2.154.478

Próun EBITDA og EBIT	1. júní til 31. ágúst		1. mars til 31. ágúst			
	2024	2023	2024	2023		
EBITDA	-14%	1.656.083	1.933.111	-12%	2.711.339	3.089.901
Afskriftir	7%	270.896	254.153	9%	548.249	501.306
EBIT	-17%	1.385.187	1.678.957	-16%	2.163.090	2.588.596
Hreindir fjármagnsliðir	17%	(241.343)	(206.136)	16%	(447.658)	(386.186)
Áhrif hlutdeildarféлага	-18%	9.753	11.877	-95%	19.506	391.293

Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu

Eignir		31. ágúst 2024	29. febrúar 2024
'000 ISK	Skýr.		
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir		14.432.246	14.095.346
Óefnislegar eignir		7.358.548	7.358.548
Húsaleiguréttindi		122.138	131.905
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		441.801	422.295
Skuldabréfaeign		792.492	396.690
Fastafjármunir		23.147.225	22.404.784
VELTUFJÁRMUNIR			
Birgðir		3.918.063	3.418.505
Viðskiptakröfur		4.649.433	3.226.991
Aðrar skammtímaskröfur		36.540	91.336
Handbært fé		158.476	1.523.787
Veltufjármunir		8.762.512	8.260.619
Eignir samtals		31.909.737	30.665.403

Skuldir og eigið fé		31. ágúst 2024	29. febrúar 2024
'000 ISK	Skýr.		
EIGIÐ FÉ			
Hlutfé		2.837.397	2.806.647
Yfirverðsreikningur hlutafjár		1.255.688	1.102.553
Annað bundið eigið fé		3.569.422	3.135.377
Óráðstafað eigið fé		5.898.922	6.386.165
Eigið fé sem tilheyrir eigendum móðurfélags		13.561.430	13.430.742
Hlutdeild minnihluta		1.735.537	1.616.305
Eigið fé samtals		15.296.967	15.047.046
SKULDIR			
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	5	4.308.818	4.443.034
Húsaleiguskuldbinding		108.603	119.241
Tekjuskattskuldbinding		2.634.716	2.569.057
Langtímaskuldir og skuldbindingar		7.052.137	7.131.332
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	5	2.919.304	2.150.147
Næsta árs afborganir	5	365.074	566.588
Ógreiddur tekjuskattur		808.002	555.873
Viðskiptaskuldir		3.133.423	2.821.983
Aðrar skammtímaskuldir		2.334.831	2.392.433
Skammtímaskuldir		9.560.635	8.487.025
Skuldir samtals		16.612.771	15.618.356
Skuldir og eigið fé samtals		31.909.737	30.665.403

Samandregið sjóðstreymisýfirlit samstæðu

fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2024

'000 ISK	Skýr.	2024	2023
Hagnaður tímabilsins		1.411.279	2.153.221
<i>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi</i>			
Kaupréttarsamningar		30.422	24.687
Afkoma hlutdeildarféлага		(19.506)	(392.331)
Hagnaður af sölu á varanl. rekstrarfj.		(12.097)	(13.991)
Afskriftir og virðisrýrnun		548.249	501.306
Breyting tekjuskattsskuldbindingar		65.658	136.605
Breyting á áföllnum vöxtum		114.667	0
Hreint veltufé frá rekstri		2.138.671	2.409.497
<i>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(1.367.647)	(393.168)
Birgðir		(499.557)	(441.228)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		479.537	641.947
Handbært fé frá rekstri		751.003	2.217.049
<i>Fjárfestingahreyfingar</i>			
Varanlegir rekstrarfjármunir, breyting		(780.308)	(608.882)
Skuldabréf, breyting		(395.802)	25.949
Tengd félög, breyting		0	4.300
Hreint sjóðstreymi við kaup á dótturfélagi		0	(72.210)
Sjóðstreymi af fjárfestingum		(1.176.110)	(650.843)

'000 ISK	Skýr.	2024	2023
<i>Fjármögnunahreyfingar</i>			
Ný skammtímalán	5	3.693.007	0
Afborganir skammtímalána	5	(3.035.675)	(53.700)
Ný langtímalán	5	0	159.394
Afborganir langtímalána	5	(349.531)	(1.527.235)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar		(12.687)	(11.507)
Greiddur arður		(1.418.858)	0
Innborgað hlutafé		183.885	0
Sjóðstreymi af fjármögnun		(939.859)	(1.433.048)
Breyting á handbæru fé		(1.364.965)	133.158
Áhrif gengisumreiknings á handbært fé		(346)	0
Handbært fé í byrjun tímabilsins		1.523.787	1.171.857
Handbært fé í lok tímabilsins		158.476	1.305.015

Frjálst fjárlæði

Handbært fé frá rekstri		751.003	2.217.049
Sjóðstreymi af fjárfestingum		(1.176.110)	(650.843)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar		(12.687)	(11.507)
Frjálst fjárlæði		(437.794)	1.554.699

Aðrar upplýsingar

Innborgaðir vextir		61.318	19.502
Greiddir vextir		(536.820)	(581.707)
Greiddur tekjuskattur		(187.660)	(136.902)

Samandregið eiginfjáryfirlit samstæðu

Hreyfingar 1. mars - 31. ágúst 2024

'000 ISK	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtsals
Staða 1. mars 2024	2.806.647	1.102.553	0	3.135.377	6.386.165	13.430.742	1.616.305	15.047.046
Leiðrétting á eigin fé (sjá skýringu 1)					(27.082)	(27.082)		(27.082)
Hagnaður ársins					1.328.476	1.328.476	82.803	1.411.279
Pýðingarmunur				33.845		33.845	36.430	70.275
Heildarafkoma ársins				33.845	1.328.476	1.362.321	119.232	1.481.553
Innlestir kaupréttir	30.750	153.135		(14.453)	14.453	183.885		183.885
Gjaldfærðir kaupréttir				30.422		30.422		30.422
Bundnar hlutdeildartekjur				384.231	(384.231)	0		0
Úthlutaður arður					(1.418.858)	(1.418.858)		(1.418.858)
Staða 31. ágúst 2024	2.837.397	1.255.688	0	3.569.422	5.898.922	13.561.430	1.735.537	15.296.967

Hreyfingar 1. mars - 31. ágúst 2023

'000 ISK	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtsals
Staða 1. mars 2023	2.806.647	1.102.553	688.464	2.168.543	3.315.180	10.081.387	0	10.081.387
Hagnaður ársins					2.116.823	2.116.823	36.398	2.153.221
Pýðingarmunur				6.223		6.223	(4.965)	1.258
Heildarafkoma ársins				6.223	2.116.823	2.123.045	31.433	2.154.478
Endurmat endurflokkað			(688.464)		688.464	0		0
Hlutdeild minnihluta við kaup á dótturfél.						0	1.545.004	1.545.004
Kaupréttarsamningar				24.687		24.687		24.687
Bundnar hlutdeildartekjur				555.352	(555.352)	0		0
Staða 31. ágúst 2023	2.806.647	1.102.553	0	2.754.805	5.565.115	12.229.120	1.576.436	13.805.556

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskila

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (hér eftir Ölgerðin eða félagið) er hlutafélag og er megin starfsemi samstæðunnar fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara. Ölgerðin er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur samstæðunnar er að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu (EU) og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum og þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Dótturfélögin Collab ehf. og Collab DK ApS sem stofnuð voru á árinu 2023 eru á yfirstandandi fjárhagsári í fyrsta skipti hluti af samstæðureikningsskilum Ölgerðarinnar, en þeim hefur á fyrri reikningsskilatímabilum verið haldið utan samstæðu þar sem þau hafa haft óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar. Leiðrétting á eigin fé að fjárhæð 27,1 milljón endurspeglar neikvætt eigið fé Collab samstæðunnar 1. mars 2024.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samandregni árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði 29. febrúar 2024. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við síðasta ársreikning samstæðunnar sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins, www.olgerdin.is/fjarfestar. Á tímabilinu var uppfærð flokkun í rekstrarreikningi sem hafði áhrif á flutning lína í rekstrarreikningi en engar fjárhæðir eða samtölur tóku breytingum.

2. Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuárshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga og alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

3. Starfsþáttayfirlit

1. mars - 31. ágúst 2024	Egils áfengt ¹⁾	Egils óáfengt ²⁾	Danól ³⁾	Útflutningur ⁴⁾	Samtals
Rekstrartekur og aðrar tekjur	10.809.220	6.278.823	5.432.381	1.452.024	23.972.447
Rekstrarh. fyrir afskr. (EBITDA)	907.148	1.250.411	302.284	251.496	2.711.339
Rekstrarhagnaður	627.259	1.032.548	275.318	227.964	2.163.090
Fjármagnsliðir og hlutd.					(428.152)
Tekjuskattur					(323.659)
Hagnaður tímabilsins					1.411.279

1. mars - 31. ágúst 2023	Egils áfengt ¹⁾	Egils óáfengt ²⁾	Danól ³⁾	Útflutningur ⁴⁾	Samtals
Rekstrartekur og aðrar tekjur	10.872.999	6.373.824	5.422.779	1.189.412	23.859.014
Rekstrarh. fyrir afskr. (EBITDA)	1.194.125	1.332.458	399.938	163.380	3.089.902
Rekstrarhagnaður	939.223	1.134.963	374.849	139.560	2.588.596
Fjármagnsliðir og hlutd.					5.107
Tekjuskattur					(440.482)
Hagnaður tímabilsins					2.153.221

¹⁾ Tekjur hjá Egils áfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með áfenga drykki.

²⁾ Tekjur hjá Egils óáfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með óáfenga drykki.

³⁾ Tekjur hjá Danól eru fólgnar í sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara, tengdra vara og annarrar sérvöru.

⁴⁾ Tekjur af öllum útflutningi hjá samstæðu Ölgerðarinnar, sem er að stærstum hluta vegna Iceland Spring og Collab útflutnings.

Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta varðandi áhættu og afkomu annarra rekstrarstarfsþátta samstæðunnar. Rekstrarstarfsþættir eru skilgreindir í samræmi við innra skipulag og skýrslugjöf til stjórnenda sem notaðar eru í ákvarðanatöku. Samstæðan skilgreinir starfsemina í fjóra rekstrarstarfsþætti.

Skipting sameiginlegs kostnaðar á Egils tekjusviðin skiptist í hlutföllum við veltu án áfengis- og skilgjalda.

Tekjuskráning

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar félagið hefur uppfyllt samningsskyldu sína sem er yfirleitt við afhendingu, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt.

4. Kostnaður sundurliðaður eftir eðli

Flokkun í rekstrarreikningi	1. mars til 31. ágúst	
	2024	2023
Flokkun í rekstrarreikningi		
Framleiðslukostnaður	10.769.256	10.628.512
Annar rekstrarkostnaður	4.841.418	4.419.414
Samtals	15.610.673	15.047.926
Flokkun miðað við eðli		
Vörunotkun	9.270.052	9.373.740
Annar framleiðslukostnaður	480.611	318.600
Markaðs- og sölukostnaður	1.551.202	1.332.718
Laun og launatengd gjöld	2.560.250	2.352.577
Afskriftir	548.249	501.306
Annar rekstrarkostnaður	1.200.309	1.168.985
Samtals	15.610.673	15.047.926
<i>Afskriftir eru flokkaðar á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi</i>		
Framleiðslukostnaður	305.605	279.438
Annar rekstrarkostnaður	242.644	221.868
Samtals	548.249	501.306
<i>Laun og launatengd gjöld eru flokkuð á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi</i>		
Framleiðslukostnaður	544.325	505.343
Annar rekstrarkostnaður	2.015.925	1.847.234
Samtals	2.560.250	2.352.577

Framleiðslukostnaður samanstendur af beinum og óbeinum kostnaði við framleiðslu á fullnum vörum sem skapa tekjur á árinu. Innan framleiðslukostnaðar er hráefniskostnaður, laun og launatengd gjöld og annar framleiðslukostnaður sem inniheldur húsnæðiskostnað, leigu og afskriftir vegna varanlegrar rekstrarfjármuna sem nýttir eru í framleiðslunni.

Rekstrarkostnaður samanstendur af kostnaði við dreifingu og sölu á fullnum vörum og þjónustu sem skapa tekjur á árinu ásamt kostnaði við stjórnun og rekstur samstæðunnar. Annar rekstrarkostnaður inniheldur laun og launatengd gjöld, húsnæðiskostnað, leigu, afskriftir af varanlegum og óefnislegum eigum, tryggingar sem og annan skrifstofu- og stjórnunarkostnað.

5. Vaxtaberandi langtímaskuldir

	31.8.2024	29.2.2024
Langtímaskuldir í íslenskum krónum (ISK)	4.571.827	4.700.491
Langtímaskuldir í bandarískum dollurum (USD)	75.441	283.846
Samtals langtímaskuldir	4.647.268	4.984.337
Næsta árs afborgun	(338.450)	(541.303)
Samtals langtímahluti	4.308.818	4.443.034

Víxilskuldir í íslenskum krónum (ISK)	2.627.642	1.927.934
Vaxtaberandi skammtímaskuldir í bandarískum dollurum (USD)	291.662	222.213
Samtals vaxtaberandi skammtímaskuldir	2.919.304	2.150.147

Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	338.450	541.303
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	26.624	25.285
Næsta árs afborgun langtímaskulda og leiguskuldbindingar	365.074	566.588

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:	31.8.2024	29.2.2024
Afborganir innan 12 mánaða	338.450	541.303
Afborganir eftir 12-24 mánuði	265.508	269.970
Afborganir eftir 24-36 mánuði	1.399.519	273.013
Afborganir eftir 36-48 mánuði	137.622	1.333.789
Afborganir síðar	2.506.169	2.566.262
Samtals	4.647.268	4.984.337

6. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

G7-11 fasteignafélag ehf, dótturfélag Ölgerðarinnar, hefur gert tilboð í allt hlutfé Á.Ó. eignarhaldsfélags ehf. Tilboðinu hefur verið tekið af hálfu eigenda félagsins, Sjóvarpsmiðstöðvarinnar ehf. Niðurstaða áreiðanleikakönnunar liggur fyrir og unnið er að gerð kaupsamnings. Félagið á vöruhús með skrifstofuáðstöðu og byggingarétt að Köllunarklettsvegi 6. Kaupverð félagsins samkvæmt kauptilboði er 1,6 ma. kr. að frádregnum vaxtaberandi skuldum.

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við lánastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Fjárskuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eigið fé, framlegð og skuldsetningarhlutfall. Í lok reikningsskilatímabilsins stóðust allir lánaskilmálar lánasamninga.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningsskila.

Allar skuldir við lánastofnanir eru á óverðtryggðum breytilegum vöxtum. Meðalvextir skulda þann 31. ágúst 2024 voru 10,9% (29. febrúar 2024: 11,1%).

Aðrar skuldir, þar með talið, viðskiptaskuldir, skuldir við tengda aðila, virðisaukaskattur og aðrar skammtímaskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði sem jafnan samsvarar nafnvirði þeirra.